

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, 177
að ákvæðum þessum sé framfylgt. 5. nóv.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

178

6. nóv.

**um forkaupsrétt og forleigurétt Ólafsfjarðarhrepps í Eyjafjarðarsýslu
á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirtöldum fasteignum í Ólafsfjarðarkauptúni:

1. Lóðarspildu Kaupfélags Eyfirðinga sunnan bátabryggjunnar í Ólafsfirði ásamt mannvirkjum.
2. Svokallaðri Höepfnerslóð norðan bryggjunnar ásamt mannvirkjum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.